

Nd.

521. Nefndarátt

um tillögu til þingsályktunar um innflutning á lifandi dýrum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin felst á, að rjett sje að leyfa innflutning á silfurrefum til landsins. Það hefir komið í ljós, að í Noregi hefir ræktun þessarar refategundar gefið góðan arð. Þar eru nú um 300 refabú. Hjer ættu silfurrefir engu síður að geta þrifist en í Noregi.

Að sjálfsgöðu er landsstjórninni ætlað að hlutast til um, að aðeins verði flutt inn góð dýr til undaneldis, að svo miklu leyti sem unt er, og að þau verði geymd í tryggum girðingum, sbr. frumvarp til laga um refarækt, sem nú er til meðferðar í háttv. Alþingi og væntanlega verður að lögum á þessu þingi.

Nefndin er einnig samþykk því, að leyfður verði innflutningur á sauðnautum til landsins. En henni er það ljóst, að miklir erfiðleikar eru á að koma slíkri tilraun í framkvæmd. Dýr þessi yrði að fá frá Norður-Ameríku eða Grænlandi. Talið er, að þeim fari óðum fækkandi og að þau sjeu nú stýggari en áður. Það hlýtur því altaf að kosta mikla fyrirhöfn og talsvert fjárframlag að koma þessu í verk, enda mun vera í ráði að ætla nokkra fjárhæð til þessa í fjárlögum 1930.

Innflutningi á loðkaninum til landsins leggur nefndin á móti, þar sem henni er ókunnugt um arðsvon af ræktun þeirra dýra.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að tillagan verði samþykkt með svofeldri

BREYTINGU :

Tillögugreinin orðist svo :

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að leyfa innflutning á silfurrefum og sauðnautum.

Alþingi, 3. maí 1929.

Lárus Helgason,
form. og frsm.

Jón Sigurðsson.

Jörundur Brynjólfsson,
fundaskrifari.

Bernh. Stefánsson.

Einar Jónsson.